



## **Pensions at a Glance 2009: Retirement-Income Systems in OECD Countries**

*Summary in Icelandic*

**Yfirlit eftirlauna árið 2009:  
Greiðslukerfi eftirlaunatekna OECD landa**  
*Útdráttur á íslensku*

### **Kreppan og lífeyrisstefna**

Tölur fyrrsagna vekja ótta. Vegna fjármálakreppunnar töpuðust 23% verðgildis fjárfestinga séreignalífeyrissjóða árið 2008 eða u.þ.b. 5.4 trilljónir Bandaríkjadala hjá OECD. Í OECD er ætlað að efnahagslegt frálag minnki um 4.3% árið 2009 og ekki er vanst hagnaðar á ný fyrr en 2011. Ætlað er að atvinnuleysi aukist úr 5.6% af vinnuafli árið 2007 í 9.9% árið 2010. Það sem hófst sem fjármálakreppa hefur orðið að efnahagslegri og félagslegri kreppu.

Vegna séreignalífeyrissjóða eiga fljótlega og sjáanlega eftir koma upp vandamál vegna lækkunar á eigin fé og verðlagi eigna. Áhrifin eru augsýnilega mest þar sem séreignalífeyrir gegnir

þegar mikilsverðu hlutverki með því að greiða tekjur til aldraðra eins og í Ástralíu, Hollandi og í Bandaríkjunum. En ekkert land og ekkert lífeyriskerfi er ónæmt fyrir kreppunni. Opinber lífeyriskerfi munu einnig lenda í fjárhagsvanda þegar fjárframlög minnka og bótagreiðslur aukast í kjölfar aukins atvinnuleysis og lægri tekna.

Fjöldi fólks hefur tapað umtalsverðum upphæðum af sparifé sínu ætluðu til elliáranna í lífeyrisáætlunum og öðrum eignum. Staðan er sérstaklega sár fyrir eldri starfsmenn. Það er ekki einungis mun erfiðara fyrir þá að finna nýtt starf ef þeir verða atvinnulausir, en þeir hafa einnig lítinn tíma til að bíða eftir að verðmæti sparifjárnsins endurheimtist fyrir starfslok. Tekjur af sparifé, þar á meðal séreignalífeyrir, eru að meðaltali fjórðungur af tekjum þeirra sem látið hafa af störfum í OECD löndum. Í sjö þeirra eru þær yfir 40%.

Munu þessi töp leiða til fátæktar á ný hjá þeim, sem látið hafa af störfum? Í mörgum OECD löndum eru áætlanir, sem gegna hlutverki „sjálfvirks jafnvægisbúnaðar“ og draga úr áhrifum fjárfestingartaps á heildartekjur eftirlauna. Greiðslur í samræmi við athuganir um þörf á félagslegri aðstoð munu til dæmis sjá fyrir fólki sem fær lífeyri sem fer niður fyrir lágmark. En í sumum löndunum eru öryggisnet fyrir aldraða ófullnægjandi eða munu verða það á tímum þegar tekjur af séreignalífeyri lækka.

Skammtíma stjórnmalábrýstingur á ríkisstjórnir til að grípa þegar til aðgerða er óhemjumikill. Ein skýr og núverandi hættu er sú að stefnumarkandi aðilar freistist til að draga úr fjölda eldri atvinnulausra með því að flytja þá á skrá yfir langveika eða örorkubótaþega eða opna á ný fyrir áætlanir um að fólk hætti að vinna fyrr. En reynslan hefur sýnt að ætlaðar skammtímaráðstafanir kunna að festast í sessi og leggja mikinn kostnað á hið opinbera og efnahagslífið. Einnig ætti að forðast þetta svo ekki verði farið af leið varðandi þörfina fyrir hærri eftirlaunaaldur þar sem fólk verður æ eldra.

Kreppan hefur sýnt fram á áframhaldandi þörf fyrir endurskipulagningu bæði opinberra- og séreignalífeyrissjóða. Meðal forgangsaðila eru athuganir opinberra áætlana til að tryggja að þær veiti virka vernd gegn fátækt, bæði nú þegar og í framtíðinni. Einnig kann að þurfa að hyggja á ný að sjálfkrafa breytingum fyrirkomulags lífeyris, sem mörg lönd hafa tekið upp til að tengja lífeyri ævilengd og fjárhagsáætlunum. Með því að láta reglurnar gilda nú á krepputímum myndi oft þurfa að skera niður bætur, í sumum tilfellum lítillaga. Ríkisstjórnir verða að athuga vandlega hvort reglurnar ættu að gilda núna, hvort fella ætti þær niður um tíma þar til efnahagsástandið batnar eða hvort takmarka ætti gildi þeirra með því að undanskilja þá eftirlaunaaðila, sem eru varnarlausari.

Traust á séreignalífeyrissjóðum er í sögulegu lágmarki um þessar mundir. Sumir aðilar hafa mælt með því að fjarlægjast

fjölbreytt lífeyriskerfi og snúa aftur til þess að reiða sig alfarið á opinbert gegnumstreymiskerfi. Í Lýðveldinu Slóvakíu eru til dæmis starfsmenn, sem tryggðir eru með nýju framlagsáætlunum, heimilað að skipta aftur til baka í opinbera kerfið. En það er ekki rétta leiðin að snúa baki við endurbótum, sem unnið var fyrir hörðum höndum. Fjármála- og efnahagskreppan hafa beint athyglinni frá lýðfræðilegum vandamálum, en þau hafa ekki horfið og brýnt er að takast á við þau.

Til að koma í veg fyrir þetta er brýnt að endurvekja trú fólks á séreignalífeyrissjóðum. Enn hefur kreppan sýnt fram á með skýrum hætti þörfina fyrir breytingar á því hvernig séreignalífeyrissjóðir starfa. Slíkar breytingar fela meðal annars í sér betra regluverk, virkari stjórnsýslu, skýrari upplýsingar um áhættur og hag hvað varðar mismunandi valkosti og sjálfkrafa breytingu yfir í áhættuminni fjárfestingar þegar fólk nálgast eftirlaunaaldur. Ef stefnumarkandi aðilar geta ekki markað góðan málstað fyrir fjölbreytt greiðslukerfi eftirlaunatekna, sem tengja opinbera- og séreignalífeyrissjóði, gegnumstreymi og sjóðamyndun, einka- og samvinnuþætti, fara þeir aftur á fyrsta reit í viðleitninni til að viðhalda hagsýni í samfélögum þar sem borgararnir eldast.

## OECD yfirlit lífeyris árið 2009: leiðbeiningar

Fjármálakreppan og djúpa efnahagskreppan, sem hún leiddi af sér, hafa borið hæst í fréttum í meira en ár. Fyrsti sérkafla í I. hluta 2009 útgáfunnar *Pension at a Glance* fjallar um þátt kreppunnar varðandi greiðslukerfi eftirlaunatekna. Í sérkaflanum er kannað sérstaklega á hvaða einstaklinga (sér í lagi mismunandi aldurshópar), í hvaða tegundum lífeyrissjóða og í hvaða löndum kreppan hefur mest áhrif.

Aðgerðirnar, sem ríkisstjórnir hafa þegar gripið til svo draga megi úr áhrifum kreppunnar, eru ræddar og metnar. Kaflinn sýnir að lífeyriskerfi hafa orðið fyrir áhrifum á tvo megin vegu með efnahagshvatningarpökkunum, sem margar ríkisstjórnir hafa kynnt: auknar greiðslur til eldra fólks og fjármögnun úr lífeyrisvarasjóðum til að draga úr áhrifum kreppunnar. Einnig eru metin nánari áhrif lífeyrisstefnu varðandi vinnumarkaðinn, opinber öryggisnet, regluverk varðandi séreignalífeyrissjóði og fjárfestingavalkosti.

Í öðrum sérkafla I. hluta eru kannaðar tekjur og fátækt eldra fólks í dag. Á miðjum fyrsta áratug aldarinnar voru nettótekjur fólks eldra en 65 ára 82% að verðgildi af meðaltekjum almennings í OECD löndum (að teknu tilliti til fjölskyldustærðar).

En munurinn er mikill milli landa. Einnig er fátækt eldra fólks tæpast til í sumum löndum, en t.d. búa yfir 40% eldra fólks við fátækt í Kóreu. Í OECD löndum er fátækt 13,2% hjá eldra fólki samanborið við 10,6% almennings. Í kaflanum er einnig fjallað um hvernig tekjur og fátækt eldra fólks kann að þróast í framtíðinni vegna umbóta lífeyris og vegna félagslegra og efnahagslegra breytinga.

Nýlegar umbætur lífeyris eru aðalefni þriðja sérkafla I. hluta. Með uppfærslu á greiningu fyrri útgáfu *Pensions at a Glance* sýnir þessi kafli að OECD löndin hafa haldið áfram að bæta lífeyriskerfi sína síðan 2004 og sannarlega var í aðeins fimm þeirra um litlar eða engar breytingar að ræða. Þessar nýlegu umbætur eru flokkaðar kringum lykilatriði í lífeyriskerfinu: tryggingu starfsmanna, nægjanleika bóta við eftirlaunaaldur, fjárhagslega afkomu, efnahagslega getu (dregið úr skekkjum vegna framboðs vinnuafls og hvatningu til sparnaðar), virkni stjórnsýslu og öryggi eftirlauna vegna breytilegrar áhættu og óvissu.

Matið á umbótum sýnir að tímabilið 2004-2008 hefur verið þróun frekar en bylting. Ekkert var um yfirgripsmiklar kerfisumbætur eins og á áratugnum fram til 2004. Í sumum löndum eins og Austurríki, Írlandi, Noregi og Bandaríkjunum hefur umbótaferlið nú stöðvast. Í öðrum löndum hefur umbótaferlið hægt á sér eða jafnvel gengið til baka. Lagalegum breytingum á lífeyriskerfinu á Ítalíu hefur t.d. verið frestað. Í Lýðveldinu Slóvakíu hefur starfsmönnum, sem tryggðir eru með nýjum framlagsáætlunum, verið heimilað að skipta aftur til baka í opinbera kerfið og ámóta afturhvarf umbóta er til umræðu annars staðar. Kreppan kann að leiða til frekari breytinga, sem ekki eru í samræmi við langtíma fyrirkomulag, sem þörf er á vegna langtíma lífeyrisstefnu.

Í síðasta sérkafla I. hluta, þar sem aftur er verið að uppfæra og bæta við I. hluta fyrri útgáfu *Pensions at a Glance*, eru kannaðar tryggingar vegna séreignalífeyris. Kaflinn beinist að löndum þar sem opinber lífeyrir eru lágur þannig að einstaklingar bera meiri ábyrgð á að sjá fyrir sér á gamals aldri. Samt sem áður er fjármálakreppa raunverulegt áhyggjuefni, sérstaklega ef það dregur úr trú fólks á séreignalífeyri. Allt um það þýða fjárhagslegar takmarkanir að séreignalífeyrir verður að vera hluti af jöfnunni um framfærslu á efri árum. Stefnumál, sem tryggja að fólk sem sparar fyrir eftirlaunaaldur, þar á meðal með sjálfkrafa skráningu og skattaávilnunum, eru metin.

Margskonar vísar varðandi lífeyri eru settir fram í II. hluta skýrslunnar. Fyrstu níu vísarnir beinast að einstökum lífeyrisréttindum útreiknuðum samkvæmt lífeyrisstöðlum OECD. Gildi breytanna endurspeglar stöðuna árið 2006. Útreikningarnir eru hannaðir til að sýna framtíðarréttindi starfsmanna, sem komu á vinnumarkaðinn árið 2006 og eyða allri starfsævi sinni

samkvæmt sömu reglum. Fyrir starfsmenn á meðallaunum var brúttó endurnýjunarhlutfall – lífeyrisgreiðslur sem hlutfall starfslauna – að meðaltali 59% í OECD löndunum 30. Þetta er breytilegt frá 31% á Bretlandi og 34% á Írlandi og í Japan og allt að 96% í Grikklandi. Í útgáfunni 2009 hefur verið bætt við nýjum vísi, sem sýnir endurnýjunarhlutfall að meðtöldum hefðbundnum sjálfboðnum séreignalífeyrissjóðum.

Mörg lönd bjóða eftirgjafir á tekjuskatti sínum til handa eldra fólki og flestir eftirlaunaþegar greiða engin tryggingaframlög. Þannig á það við meðaltal launþega að nettó endurnýjunarhlutfall (skattar og framlög tekin með í reikninginn) er 70%. Endurnýjunarföll eru sýnd sérstaklega fyrir karla og konur og miðað við mismunandi tekjustig.

Það sem skiptir máli fyrir ríkisútgjöldin er ekki aðeins endurnýjunarhlutfallið við eftirlaunaaldur heldur loforðið um heildarlífeyri. Þetta er mælt með vísun verðgildis eftirlauna, sem sýna lífstíðarverðgildi bóta, þar sem tillit er tekið til mismunandi lífeyrisaldurs, lífslíka og vísitölu lífeyrisgreiðsla. Að meðaltali munu karlmenn í Lúxemborg fá um það bil 825.000 Bandaríkjadali í lífeyri á æfinni og konur um eina milljón Bandaríkjadala. Lúxemborg kann að vera öfgakennt dæmi, en lífstíðarlífeyrir nemur að meðaltali 400.000 Bandaríkjadölum fyrir karla og 475.000 Bandaríkjadölum fyrir konur í OECD löndunum.

Í öðrum hópi fjögurra vísa, sem eru nýtt innlegg í 2009 útgáfu skýrslunnar *Pensions at a Glance*, er verið að kanna víðtækari þætti greiðslukerfis eftirlaunatekna. Þar má finna upplýsingar um framlög og hvernig hlutföll lífeyrisframlaga hefur breyst með tímanum. Reyndar hafa hlutföll framlaga verið merkilega stöðug með tilliti til lýðfræðilegs þrýstings á lífeyriskerfi, en það hefur aukist frá meðaltalinu 20% árið 1994 í 21% 2007. En þessi þrýstingur kemur í ljós þegar litið er til opinberra lífeyrisútgjalda, sem jukust 17% hraðar en þjóðartekjur frá 1990 til 2005, úr 6,2% í 7,2% af brúttó þjóðarframleiðslu. Vísirinn um lífeyrisútgjöld nær einnig til upplýsinga um lögboðin séreignalífeyri og bótagreiðslur eins og húsnæðisbætur og styrki. Tveir vísar um greiðslukerfi eftirlaunatekna varða séreignalífeyri ásamt gögnum um tryggingar sjálfbóðins séreignalífeyris og verðgildi eigna í lífeyrissjóðum. Tryggingar séreignalífeyris er nálægt núlli hjá um það bil þriðjungi OECD landa, en í sjö þeirra eru 45% eða meira af vinnuafla aðilar að sjálfboðnum séreignalífeyri og í 11 til viðbótar er séreignalífeyrir lögboðinn. Áður en kreppan skall á var verðgildi lífeyrissjóða jafngildi 75% af þjóðartekjum OECD.

Í síðasta hópi fjögurra vísa er horft á bakgrunninn og samhengið þar sem lífeyriskerfi eru starfrækt. Þrjú atriði eru lýðfræðileg: lífslíkur, frjósemi og upphaldshlutfall (fjöldi eftirlaunaþega á hvern aðila á vinnualdri). Þessir vísar sýna að í öllum OECD löndum er fólk að eldast, en misjafnlega hratt.

Ætlað er að Kórea hætti að vera þriðja yngsta OECD landið og verði annað elsta árið 2050 (eftir Japan). Önnur lönd eins og Frakkland, Holland, Svíþjóð og Bretland eru þegar lýðfræðilega gömul og eldast þess vegna ekki mjög hratt á næstu áratugum. Gögn um meðaltekjur, sem liggja til grundvallar mörgum öðrum vísum, er einnig hægt að finna hérna.

Loks veita landalýsingarnar í III. hluta skýrslunnar *Pensions at a Glance 2009* lykilvísa um lífeyriskerfi þjóða, þar sem breyturnar og reglurnar eru settar fram á samræmdan hátt og aðalniðurstöðurnar fyrir einstök lífeyrisréttindi gefin: endurnýjunarhlutfall og verðgildi lífeyris. Í upphafi III. hluta er að finna handhæga samantektartöflu yfir lykilbreytur og reglur fyrir öll OECD löndin 30.

© OECD 2009

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing..**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdráttir eru þýdd á áhrif af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop/](http://www.oecd.org/bookshop/)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal, 75116  
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

